



Útboð nr. [xxxxx]
Hönnun, bygging og rekstur
ljósleiðaranets
[dagsetning]

FYRIRHAFNING

Efnisyfirlit

Skilgreiningar / orðskýringar.....	4
1 Útboðslýsing.....	5
1.1 Útboðsskilmálar.....	5
1.1.1 Almenn lýsing útboðs.....	5
1.1.2 Útboðsyfirlit	5
1.1.3 Útboðsgögn	5
1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum og samskipti á útboðstíma	5
1.1.5 Fylgigögn með tilboði	6
1.1.6 Trúnaður	6
1.1.7 Hæfi bjóðenda	7
1.1.8 Áskilnaður um frekari upplýsingar á síðari stigum	8
1.1.9 Undirverktakar.....	9
1.1.10 Frávikstilboð.....	9
1.1.11 Tungumál.....	9
1.1.12 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun	9
1.1.13 Framsetning tilboðs	9
1.1.14 Afhending tilboða.....	9
1.1.15 Afturköllun tilboða	10
1.1.16 Opnun tilboða	10
1.1.17 Val tilboðs/tilboða	10
1.1.18 Valforsendur	11
1.1.19 Samþykki tilboðs og biðtími	11
1.2 Almennir skilmálar.....	12
1.2.1 Kæruleiðir – réttaráhræði bjóðenda	12
1.2.2 Lög og reglugerðir.....	12
1.2.3 Samningur og samningstími	12
1.2.4 Fyrirvari um ógildingu samnings og bótaskyldu kaupanda.....	12
1.2.5 Samskipti á samningstíma	13
1.2.6 Gæðastjórnun.....	13
1.2.7 Verð og verðbreytingar.....	13
1.2.8 Greiðslur.....	13
1.2.9 Vanefndir og uppsögn	13
1.2.10 Starfs- og atvinnuleyfi / námskeið.....	14

1.2.11	Framsál réttinda.....	14
1.2.12	Ágreiningsmál	14
2	Á samningstíma.....	15
2.1	Framkvæmdaáætlun - prófanir	15
2.2	Greiðslur til seljanda	15
2.3	Almennt.....	15
2.3.1	Helstu kröfur og eiginleikar.....	15
2.4	Ýmis aðstoð kaupanda við seljanda	15
2.5	Fjarskiptaleyfi – samþykki búnaðar	16
2.6	Samningar vegna reksturs.....	16
2.6.1	Aðstaða og annað framlag kaupanda.....	16
2.6.2	Hugsanlegt framlag notenda.....	16
2.6.3	Núverandi ljósleiðarar á þjónustusvæðinu	16
2.6.4	Réttur til umferðar og lagna um lönd og eigur	17
2.6.5	Húsrými, rafmagn o.þ.h.....	17
2.6.6	Aðrar eignir og þjónusta kaupanda.....	17
2.6.7	Ýmsar upplýsingar sem kaupandi veitir seljanda	17
2.6.8	Öflun leyfa og úttektir	17
2.6.9	Samband kaupanda og seljanda.....	17
2.6.10	Eignarhald á ljósleiðarakerfinu.....	17
2.6.11	Heildsöluþjónusta í kerfi með opinn aðgang	18
2.6.12	Þjónusta í smásölu	18
2.6.13	Lágmarksflutningsgeta	18
2.6.14	Lýsing seljanda á ljósleiðaranetinu	18
3	Verklýsing	19
3.1	Almennt um verkið.....	19
3.2	Tæknileg lýsing	20
3.3	Þjónustusvæði – notendur.....	21
3.4	Sambönd og tengingar.....	23
3.4.1	Stofnleiðir.....	23
3.4.2	Lagnaleiðir á þjónustusvæðinu	23
4	Tilboðsblöð - tilboðsskjal.....	24
5	Viðauki A – Kort af þjónustusvæðinu.....	25
6	Viðauki B – Drög að samningi	26

7	Viðauki C – Drög að ábyrgðaryfirlýsingu.....	30
8	Viðauki D – [XXXXXXXXXX].....	31

FYRIRMYND

Skilgreiningar / orðskýringar

SKAL - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða krafa er ófrávíkjanleg, þ.e. bjóðandi verður í tilboði sínu að uppfylla slíkt atriði eða kröfu. Að öðrum kosti verður tilboði hans vísað frá.

ÞARF - í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða kröfu er bjóðanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli með tilboði sínu. Hægt að taka slíkt atriði eða kröfu inn í matslíkan útboðslýsingar og meta tilsvarendi tilboðspátt bjóðanda til stiga eða einkunnar.

BJÓÐANDI - Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð í útboði svo sem í almennu útboði (opið útboð) eða lokuðu útboði samningskaupum eða samkeppnisviðræðum.

EES - Evrópska efnahagssvæðið.

OIL - Lög um opinber innkaup nr. 84/2007.

TILBOÐSSKJAL - Samantekt á þeim gögnum sem bjóðendur skulu skila af sér. Þannig fá bjóðendur í hendur útboðslýsinguna í heild sinni á PDF formi en öll eyðublöð, svarblöð, töflur og önnur gögn sem þeim er gert að skila af sér í sérstöku kaflaskiptu tilboðsskjali með efnisyfirliti. Þetta auðveldar vinnu fyrir bjóðendur og eftirleikinn við mat á tilboðum. Bjóðendur skulu skila inn útfylltu tilboðsskjali á Excel formi.

KAUPANDI – Stofnun, sveitarfélag eða annar opinber aðili skv. 3. gr. OIL sem sér um innkaupin í kjölfar útboðsins.

SELJANDI - Bjóðandi sem samið er við að undangengnu útboði.

GRUNNET – Fjarskiptanet sem bjóðandi rekur eða tengist, ásamt viðeigandi tæknibúnaði.

STOFNTENGING – Tenging við hið almenna grunnnet fjarskipta á Íslandi.

ÞJÓNUSTUSVÆÐI – Landssvæði það, bær eða sveitarfélag/sveitarfélög sem verkið nær yfir.

Sjá frekari orðskýringar í 2. gr. OIL.

1 Útboðslýsing

1.1 Útboðsskilmálar

1.1.1 Almenn lýsing útboðs

[NAFN KAUPANDA] stendur fyrir útboði vegna uppbyggingar og reksturs ljósleiðaranets eins og nánar er lýst í útboðsgögnum þessum.

Heimilisfang umsjónaraðila útboðs:

NAFN UMSJÓNARAÐILA

Heimilisfang: [XXXXXXXXXXXX]
Sími [XXXXXXXXXXXX]
Netfang: [XXXXXXXXXXXX]
Myndsendir: [XXXXXXXXXXXX]
Verkefnistjóri: [Nafn]

1.1.2 Útboðsyfirlit

- Opnunartími tilboða: [dd.mm.yy, kl. hh:mm.]
- Opunarstaður tilboða er: [HEIMILISFANG.]
- Lokadagur til að senda fyrirspurnir, ábendingar og athugasemdir: [dd.mm.yyyy.]
- Lokadagur til að svara fyrirspurnum, ábendingum og athugasemdum: [dd.mm.yyyy]
- Tilboð skulu gilda í [X] vikur eftir opnun þeirra.
- Samningstími [xxx. Mánuðir]

1.1.3 Útboðsgögn

- Útboðs- og verklýsing þessi nr.: [xxxxx.]
- Tilboðsskjal / Tilboðsblað/blöð.
- Fyrirspurnir, svör og breytingar á tilboðstíma.
- Viðauki/ar:
 - Kort af þjónustusvæði ljósleiðaranets.
 - Drög að samningi.
 - Drög að ábyrgðaryfirlýsingu.

Útboðsgögn þessi eru unnin af verkefnastjóra umsjónaraðila útboðs með þátttöku ráðgjafa kaupanda sem er ráðgefandi um verklýsingu, og samþykkt af kaupanda. Þau eru afhent á rafrænan hátt, með tölvupósti eða aðgangi að vef umsjónaraðila útboðs.

Um útboð þetta gilda, ákvæði [laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða](#), ákvæði [laga nr. 84/2007 um opinber innkaup](#).

1.1.4 Skýringar á útboðsgögnum og samskipti á útboðstíma

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, þar sem hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum, sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina eða hann hefur athugasemdir við gögnin skal hann þá senda umsjónaraðila útboðs skriflega fyrirspurn eða athugasemd eigi síðar en 9 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Fyrirspurnin skal merkt með útboðsnúmeri og -heiti (myndsendar: [xxxxxxx] eða netfang: [xxxxxxxxxxx]). Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Svör við fyrirspurnum verða birt á vefsíðu umsjónaraðila útboðs eða send bjóðendum eigi síðar en 6 almanaxsdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

Öll samskipti við bjóðendur á útboðstíma eru í höndum umsjónaraðila útboðs. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

1.1.5 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn með tilboðum sínum útfylltu tilboðsskjali, ásamt tilboðsblaði. Ennfremur skulu eftirfarandi gögn fylgja með tilboði:

A. Almennar upplýsingar

- Almennar upplýsingar um bjóðendur/fyrirtækið og starfsemi þess, sbr. 1.1.7.1, þ.m.t.:
 - Nafn, heimilisfang, kennitölu og stofndag,
 - Nöfn eigenda og stjórnarmanna
- Staðfesting á því að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- Staðfesting á því að bjóðandi sé í skilum með þing- og sveitarsjóðsgjöld.

B. Upplýsingar er varða verkefnið

- Upplýsingar um þjónustugetu, fagþekkingu og afhendingaröryggi.
- Tæknileg lýsing á því sem boðið er.
- Upplýsingar um öryggismál s.s. verklag, öryggisbúnað, skyndihjálparnámskeið o.fl.
- Upplýsingar um fyrri viðskiptavini bjóðanda, þ.m.t. nafn og netfang.
- Ábyrgðaryfirlýsing banka, sbr. viðauka C.
- [Aðrar upplýsingar sem óskað er eftir í útboðsgögnum þessum og upplýsingar sem bjóðendur telja að hafi áhrif á mat tilboða.]

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum sem málið varðar, sbr. kafla 1.8.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn með tilboðum sínum, umbeðnum gögnum. Geri þeir það ekki, er hættu á að tilboð þeirra verði dæmd ógild.

Tilboð aðila sem eru í vanskilum með vörsluskatta, opinber gjöld, lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði, bifreiðagjöld og þing- og sveitarsjóðsgjöld verður vísað frá.

Kaupandi mun vísa frá tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum. Ef ekki er mögulegt að bera saman tilboð án þess að kalla eftir skýringum á tilboðum áskilur kaupandi sér rétt til að senda fyrirspurn á hlutadeigandi bjóðanda/bjóðendur með rafrænum hætti og krefjast upplýsinga innan stutts frests. Skýringar fela ekki í sér nýtt tilboð eða samningaumleitunir.

1.1.6 Trúnaður

Kaupanda/umsjónaraðila útboðs er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem fyrirtæki/bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast einkum tækni- og viðskiptaleyndarmál auk annarra atriða í tilboði sem leynt skulu fara. Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga.

Ofangreint gildir ekki ef önnur ákvæði laga kveða á um að skylt sé að afhenda gögn, t.d. um skyldu til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði sem og skyldu til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar.

1.1.7 Hæfi bjóðenda

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, eða gögnum sem kaupandi hefur áskilið sér rétt til að óska eftir sbr. kafla 1.8.

1.1.7.1 Almennar upplýsingar um bjóðanda

Auk tilboðsins skal skila inn almennum upplýsingum um bjóðanda/fyrirtækið og starfsemi þess, sjá tilboðsskjal.

1.1.7.2 Persónulegar aðstæður bjóðanda

Þátttakandi eða bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá gerð opinbers samnings:

- þátttöku í skipulögðum brotasamtökum,
- spillingu,
- sviksemi,
- peningaþvætti.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá opinberum samningi þegar eitthvað af eftirfarandi atriðum á við:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort a–g-liður eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Í 47. gr. OIL er tilgreint hvaða gögn teljast nægilegar sannanir fyrir þeim atriðum sem hér er eru talin upp. Bjóðandi skal staðfesta að hann standist kröfur um persónulegt hæfi, sjá tilboðsskjal.

1.1.7.3 Starfsréttindi

Bjóðendur eru ábyrgir fyrir því að allir starfsmenn þeirra hafi tilskilin starfsréttindi og atvinnuleyfi sem tryggja þeim rétt til að vinna að verkefninu.

1.1.7.4 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. 49. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

Bjóðandi skal staðfesta að hann sé í skilum með opinber gjöld, lífeyrisgreiðslur, bifreiðagjöld og þing- og sveitarsjóðsgjöld, sjá tilboðsskjal. Tilboð aðila sem eru í vanskilum með vörsluskatta, opinber gjöld, lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði, bifreiðagjöld og þing- og sveitarsjóðsgjöld verður vísað frá.

Litið er svo á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld hafi hann samið við skattayfirvöld um vanskil sín á opinberum gjöldum og standi við greiðslur samkvæmt þeim samningi. Samningar um opinber gjöld sem eru í skilum teljast því ekki til vanskila. Sjá nánar 47. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

1.1.7.5 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er kaupandi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Kaupandi ber enga ábyrgð á því tjóni sem seljandi kann að verða fyrir á akstursleiðum.

Seljandi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal seljandi að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi seljanda og vinnu starfsmanna hans.
- Óafturkallanlega og óafturkræfa verktryggingu banka fyrir því að seljandi efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Miða skal við að upphæð tryggingar samsvari 15% samningsgreiðslu á eins árs grundvelli. Upphæð tryggingar verðtryggist í samræmi við verðtryggingu samningsins. Ábyrgðaryfirlýsingin skal þannig orðuð að kaupandi geti krafist greiðslu tryggingarinnar að öllu eða einhverju leyti og án undangengis dómsúrskurðar. Ábyrgðaryfirlýsing skal gefin út af bankastofnun sem kaupandi samþykkir (sjá form í viðauka C). Kaupandi getur krafist greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar að einhverju eða öllu leyti án þess að færa sönnur á fjárhagstjón sitt.

Seljandi skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur er seljanda bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrota o.fl. Ef seljandi kýs að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð fyrir. Seljandi skal afhenda kaupanda afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

1.1.7.6 Tæknileg geta

Tæknileg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

1.1.7.7 Gæðastaðlar

Gerðar eru kröfur til seljanda að hann tryggi gæði allra þátta verkefnisins með innra eftirliti. Það skal vera kerfisbundið, skipulagt og skjalfært og öll stjórnun og skipting ábyrgðar skilgreind. Skráð skal hverjir fari með stjórnun, hvaða þættir heyri undir hvern, hver hafi ákvörðunarvald og hver beri ábyrgð á hverju. Seljandi skal tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur. Skal það gert með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar.

1.1.7.8 Vistvæn skilyrði – Umhverfisstaðlar

Kaupum á boðinni þjónustu er ætlað að vera í samræmi við stefnu ríkisins varðandi vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur

Sjá: http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/skjal/Vistvaen_innkaup_og_graenn_rikisrekstur.pdf

1.1.8 Áskilnaður um frekari upplýsingar á síðari stigum

Kaupandi áskilur sér rétt til að óska eftirfarandi upplýsinga:

- Endurskoðuðum og árituðum ársreikningum síðustu þriggja ára, hafi fyrirtækið verið starfandi á þeim tíma.
- Yfirlýsingu frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- Efnidir samninga sl. þrjú ár.
- Aðrar upplýsingar sem málið varða að mati kaupanda.

1.1.9 Undirverktakar

Seljanda er óheimilt, án skriflegs samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi fær slíka heimild, breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.1.10 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gefa frávikstilboð.

1.1.11 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku, en þó er heimilt að skila tæknilýsingu á búnaði og vörum einstakra framleiðenda á ensku.

1.1.12 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Að lokinni opnun tilboða mun kaupandi boða til kynningarfunda þar sem bjóðendur hafa tækifæri til að kynna tilboð sín.

1.1.13 Framsetning tilboðs

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblöðum í tilboðsskjali.

Skila skal inn tilboðum, öllum fylgigögnum ásamt útfylltu tilboðsskjali í 2 eintökum á pappír og 2 eintökum á geisladiski eða minnislykli. Rafrænum eintökum af tilboðum skal skila inn í viðeigandi forriti á rafrænu formi, t.d. skal skila tilboðsskjali inn á Excel formi.

Tilboð skulu vera dagsett og undirrituð af bjóðendum.

Tilboðum skal skilað í **tveimur** lokuðum umslögum auðkennd:

<p style="text-align: center;">Útboð nr. [xxxxxx]</p> <p style="text-align: center;">Hönnun, bygging og rekstur ljósleiðaranets</p> <p style="text-align: center;">Nafn bjóðanda: _____</p> <p style="text-align: center;">Frumrit / Afrit (annað umslagið merkt frumrit og hitt afrit)</p>

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt tilboðsblöðum og tilboðsskjali.

Kaupandi vill vekja sérstaka athygli bjóðenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda tilboð, með nafni bjóðanda, áskilur kaupandi sér rétt til að vísa tilboðum þeirra frá.

Ef reiknivillur eða ósamræmi er í tilboði, ræður það einingaverð sem fram kemur á tilboðsblöðum og skal tilboð leiðrétt með tilliti til þess.

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi.

1.1.14 Afhending tilboða

Tilboðum ásamt umbeðnum upplýsingum skal skila á skrifstofu kaupanda, [HEIMILISFANG] í tveimur lokuðum umslögum og þarf nafn og aðsetur bjóðanda að koma fram á umslaginu ásamt heiti útboðs og númeri, sbr. 1.1.13 (Framsetning tilboðs) hér að framan. Tilboð skulu berast [KAUPANDA] eigi síðar en á tilgreindum opnunartíma, samkvæmt kafla 1.1.2 (Útboðsyfirlit) þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Heimilt er að skila tilboðum með myndsendi, ef þau berast áður en skilafrestur tilboða rennur út, enda hafi öll gögn, sem fylgja eiga tilboðum, verið pósthögð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram. Til að slík tilboð teljist gild skal staðfesting pósthöðvar á móttöku ábyrgðarsendingar fylgja myndsendingu.

Séu tilboð send með pósti eða myndsendi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

Leyfilegt er að skila eingöngu inn heildar tilboðsupphæð ef einingarverð og önnur tilskilin gögn fylgja í lokuðu umslagi, eða eru sannanlega komin í póst degi áður en tilboð eru opnuð.

Bjóðandi getur óskað eftir því að einingarverð verði ekki tekið til skoðunar nema tilboð hans komi til álita.

Tilboð skal vera undirritað af þar til bærum aðila.

1.1.15 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggjum hætti.

1.1.16 Opnun tilboða

Bjóðendum er heimilt að vera við opnun tilboða og eiga þeir rétt á að eftirfarandi upplýsingar séu lesnar upp eftir því sem þær koma fram í tilboðum:

- a. Nafn bjóðanda.
- b. Heildarverð fyrir verkið.

Tilboð sem berast eftir tilgreindan opnunartíma verða ekki opnuð og komið til bjóðanda ásamt skýringu á ástæðum þess að þau eru óopnuð. Þau teljast ógild.

Upplestur á opnunarfundum er með fyrirvara um rétta framsetningu bjóðenda á innsendum tilboðsblöðum.

1.1.17 Val tilboðs/tilboða

Kaupandi mun taka hagstæðasta tilboði/tilboðum eða hafna öllum ef málefnalegar ástæður gefa tilefni til.

Ef bjóðandi fjallar ekki um þau lykilatriði, sem tilskilin eru í vali á tilboði - valforsendum, mun kaupandi vísa bjóðanda frá matsferlinu á grundvelli þess að hann uppfylli ekki skilmála útboðsins.

Þetta atriði þarf að endurmeta í hverju verki

1.1.18 Valforsendur

Eftirfarandi atriði verða notuð við mat á tilboðum og val á tilboði/tilboðum:

Nr.	Forsendur	Stig
1	Verð	[X]
2	Tækjakostur og búnaður bjóðanda	[Y]
3	Reynsla bjóðanda af hliðstæðum verkum	[Z]
1-3	Heildarstigafjöldi	[XYZ]

1 Verð – [X] stig

Mat á verði byggir á eftirfarandi: Lægsta verð skv. gildu tilboði, fær hæstu einkunn eða 60 stig, eftir það ræður eftirfarandi reiknilíkan:

$$\text{Einkunn} = (\text{lægsta verð} / \text{boðið verð}) [x] [X]$$

2 Tækjakostur – [Y] stig

Mat á tækjakosti byggir á innsendum gögnum bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til að skoða tækjakost bjóðenda á matstíma tilboða.

3 Reynsla bjóðanda af hliðstæðum verkum – [Z] stig

Mat í þessum lið byggir á innsendum gögnum bjóðanda. Kaupandi áskilur sér rétt til fá umsögn um efndir helstu samninga síðastliðin þrjú ár sé um það að ræða, auk yfirlýsingar samningsaðila um að samningur hafi verið efndur með fullnægjandi hætti. Hafi efndir samnings ekki verið með fullnægjandi hætti, verða þær upplýsingar ekki notaðar til mats á reynslu. Framangreindar upplýsingar verðar notaðar til mats á reynslu bjóðanda af hliðstæðum verkefnum

Forsendur	Stig
5 hliðstæð verkefni	15
3 hliðstæð verkefni	10
1 hliðstætt verkefni	5

Þetta atriði þarf að endurmeta í hverju verki

Stigin sem fengin eru samkvæmt liðum 1- 3 verða lögð saman, flest stig gefa hæstu einkunn.

1.1.19 Samþykki tilboðs og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum tíu daga biðtíma frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 75. gr. OIL telst birt. Um birtingu rafrænna tilkynninga, þar á meðal tilkynninga með símbréfi, fer eftir fyrirmælum stjórnarsýslulaga.

Tilboð skal samþykkja endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda. Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín

í stuttan tíma. Skilyrði er að fyrir liggi samþykki allra þátttakenda eða málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu. Auk þess er heimilt að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu að nýju gild, þó aðeins í mjög stuttan tíma.

Þegar tilboð hefur verið samþykkt er kominn á bindandi samningur. Heimilt er að gera sérstakan samning um kaup á vöru, þjónustu eða verki á grundvelli útboðsins eftir að tilboð hefur verið samþykkt, en ekki skal þá breyta grundvallarþáttum tilboðsins þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Drög að samningi vegna verkefnisins fylgja með útboðsgögnum.

1.2 Almennir skilmálar

1.2.1 Kæruleiðir – réttarúrræði bjóðenda

Í XIV kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 94 gr.: „*Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.*“ Kröfu um ógildingu samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um ógildingu samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Krafa um ógildingu á eingöngu við um kaup yfir viðmiðunarmörkum á Evrópska efnahagsvæðinu skv. 78. gr. OIL. Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir sem um ræðir í 1. og 2. mgr. 75. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar. Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr.

Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar úrræði laga nr. 84/2007 (OIL) með síðari breytingum. Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 eru birt í heild sinni á heimasíðu Ríkiskaupa og á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007084.html>

1.2.2 Lög og reglugerðir

Væntanlegir samningsaðilar skulu lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

1.2.3 Samningur og samningstími

Ef tilboði verður tekið mun verða gerður skriflegur samningur við viðkomandi aðila um þá þjónustu sem útboðið tekur til. Samningstími er þar til verkinu lýkur.

Kaupanda er heimilt að óska eftir breytingum á samningi. Verkið getur tekið breytingum, einungum fækkað eða fjölgað o.fl., en þó skal ætíð miða við boðin einingarverð skv. tilboði í verkefnið og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.2.4 Fyrirvari um ógildingu samnings og bótaskyldu kaupanda

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði um ógildingu eru fyrir hendi, lýst samning ógildan samkvæmt ákvæðum 100. gr. OIL en þó aðeins samning sem er yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagsvæðinu skv. 78. gr. OIL. Úrskurður um ógildan samnings hefur þau áhrif að réttindi og

skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Ógilding samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa ekki farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram skal kærunefnd kveða á um önnur viðurlög skv. 100. gr. OIL.

Kaupandi sem stendur að útboðinu telur að framkvæmd þess sé lögmæt en áskilja sér rétt gagnvart samningsaðila til að takmarka með samningi bótaskyldu sína við vangildisbætur. Gengur bjóðandi að þeim skilmálum um leið og tilboð hans er samþykkt.

1.2.5 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi skipa fulltrúa sinn til að annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd kaupanda, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings, ásamt því að fara yfir lausnir og kanna hvort þær hæfa starfsemi kaupanda og séu í samræmi við kröfur útboðsgagna. Skal seljandi skal taka tillit til athugasemda kaupanda sem fram kunna að koma.

1.2.6 Gæðastjórnun

Gerðar eru kröfur til seljanda að hann tryggi gæði allra þátta verkefnisins með innra eftirliti. Það skal vera kerfisbundið, skipulagt og skjalfært og öll stjórnun og skipting ábyrgðar skilgreind. Skráð skal hverjir fari með stjórnun, hvaða þættir heyri undir hvern, hver hafi ákvörðunarvald og hver beri ábyrgð á hverju. Seljandi skal tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur. Skal það gert með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar.

1.2.7 Verð og verðbreytingar

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast að **undanskildum virðisaukaskatti** en hann bætist við eins og lögboðið er hverju sinni.

Engar verðbreytingar eru heimilar.

1.2.8 Greiðslur

Greitt verður fyrir verkið mánaðarlega í samræmi við hlutfallslega framvindu verksins af heildarverkinu, m.v. umsáminn verktíma. Seljandi skal skila inn reikningum um hver mánaðarmót og skulu þeir sendir kaupanda.

Samþykktir reikningar verða greiddir af kaupanda, eigi síðar en 20 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi.

Seljendum er heimilt að nota greiðsluseðla til stýringar á greiðslum, sér til hagræðis, en mega ekki setja á reikning seðilgjöld eða önnur gjöld sem ekki tengjast seldri þjónustu. Áskilinn er réttur til að greiða slíka reikninga með millifærslu eða endursenda þá.

Allir reikningar vegna kaupa á vöru eða þjónustu skulu gefnir út í samræmi við ákvæði tækniforskrifta Staðlaráðs: tækniforskrift TS-136 fyrir reikninga og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditnótur (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í TS-136 skulu upplýsingar um uppruna viðskipta ávallt koma fram á reikningi. Því skal a.m.k. eftirfarandi atriði vera til staðar á öllum reikningum: Eknir km.

Dráttarvextir skulu ekki vera hærri en skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

1.2.9 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum kaupa- og samningaréttar.

Leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara.

Sama gildir ef seljandi verður uppvís að refsiverðu athæfi varðandi framkvæmd samnings þessa, s.s. um undanskot frá greiðslu þungaskatts.

1.2.10 Starfs- og atvinnuleyfi / námskeið

Seljandi skal tryggja að allir starfsmenn sem að verkefninu koma hafi viðeigandi starfs- og atvinnuleyfi sem tryggi þeim rétt til að vinna að verkefninu.

1.2.11 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

1.2.12 Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur milli seljanda og kaupanda um skilning á samningnum skal seljandi þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum kaupanda. Skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn aðila, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi.

Fáist ekki úrlausn ágreiningamála og/eða öðrum málum sem kunna að rísa vegna verkefnisins sem útboð þetta nær til, skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms [XXXXXXXXXXXXXXXX].

2 Á samningstíma

2.1 Framkvæmdaáætlun - prófanir

Seljandi skal leggja fram áætlun með tilboði sínu með hvaða hætti lagnir og tengingar til notenda yrðu framkvæmdar. Taka skal tillit til eðlilegra sjónarmiða kaupanda í slíkri framkvæmdaáætlun og skal endanleg áætlun hljóta samþykki hans áður en til framkvæmdanna kemur.

Fulltrúi kaupanda skal í samráði við seljanda framkvæma úttektarprófun á boðinni þjónustu áður en hún er formlega afhent og tekin í notkun.

Allur búnaður sem seljandi setur upp og er í eigu og/eða umsjón hans skal varanlega merktur seljanda. Seljandi skal við lok uppsetningar kerfa og búnaðar á hverjum stað fjarlægja allt rusl og afgangsefni af vinnusvæðum.

2.2 Greiðslur til seljanda

Greiðslur til seljanda vegna stofnkostnaðar og rekstrar ljósleiðaranetsins eru:

- Stofngjald, sem greiðist af kaupanda (sjá einnig kafla 2.6.2. um hugsanlegt framlag notenda)
 - (Hluti stofngjalds getur komið frá notendum)
- Framtíðartekjur af mánaðarlegu gjaldi pr. notanda, sem seljandi innheimtir frá þjónustuveitendum [og /eða notendum] sem selja notendum þjónustu sína í smásölu.

2.3 Almenn

2.3.1 Helstu kröfur og eiginleikar

Óskað er eftir tilboðum í hönnun, byggingu og rekstur ljósleiðaranets á þjónustusvæðinu eins og það er skilgreint í kafla 4. Um er að ræða svokallað FTTH-kerfi (Fiber To The Home). Ljósleiðaranetið skal geta flutt hefðbundin tölvugögn, símtöl, sjónvarp og hliðstæð gögn milli ýmissa þjónustuveitenda annars vegar, og notenda hins vegar.

Ljósleiðaranetið er hugsað sem flutningsleið fjarskiptaumferðar milli þeirra fyrirtækja sem selja fjarskiptaþjónustu í smásölu annars vegar, og almennings, fyrirtækja, stofnana og annarra notenda hins vegar. Tekjur seljanda af rekstri ljósleiðarakerfisins verða því að mestu leyti vegna heildsöluviðskipta seljandans og þjónustuveitendanna. Tekjur þjónustuveitandans koma hins vegar frá notendum. Þessu fyrirkomulagi er nánar lýst á mynd 1 í kafla 3.

2.4 Ýmis aðstoð kaupanda við seljanda

Kaupandi mun aðstoða seljanda eftir atvikum, m.a. við eftirfarandi atriði:

- Öflun leyfa fyrir umferð um lönd og aðgang að þeim, innan þjónustusvæðisins
- Útvegum upplýsinga um eftirspurn eftir fjarskiptaþjónustu þeirri sem hægt er að veita um ljósleiðaranetið
- Almennt markaðsstarf, þ.e. kynningu á verkefninu til fyrirtækja, stofnana og annarra notenda, í því skyni að auka áhuga sömu aðila á að nýta sér þá möguleika sem skapast með ljósleiðaranetinu

- Upplýsa um reglugerðir o.þ.h., sem kunna að gilda um lagnir þær sem liggja um um þjónustusvæðið og eru á vegum kaupanda

2.5 Fjarskiptaleyfi – samþykki búnaðar

Seljandi skal hafa heimild til fjarskiptastarfsemi, (sjá lög um fjarskipti, 2003 nr. 81, með síðari breytingum) og hafa reynslu af uppbyggingu og rekstri fjarskiptakerfa.

Allur tæknibúnaður sem notaður er ljósleiðaranetinu skal eftir því sem við á vera samþykktur af Póst- og fjarskiptastofnun eða hafa alþjóðlegt samþykki sem Póst- og fjarskiptastofnun viðurkennir.

2.6 Samningar vegna reksturs

Seljandi skal annast alla samninga um heildsöluviðskipti við þá þjónustuveitendur á smásölustigi sem líklegir eru til þess að vilja veita notendum þjónustu gegnum ljósleiðaranetið, og eru slíkir samningar kaupanda óviðkomandi.

Þjónusta seljanda skal því vera á heildsölustigi milli seljanda og þjónustuveitenda, en þjónusta þjónustuveitenda til notenda gegnum ljósleiðaranetið skal vera á smásölustigi. Engir beinir samningar gilda því almennt milli seljanda og notenda ljósleiðaranetsins.

Seljandi skal ábyrgjast að fulls jafnræðis sé gætt hvað varðar aðgang þjónustuveitenda að ljósleiðaranetinu, þ.e. að um sé að ræða kerfi þar sem fulls jafnræðis sé gætt, sem styðji samkeppni milli þjónustuveitenda.

2.6.1 Aðstaða og annað framlag kaupanda

Ef á þarf að halda og hægt er, mun kaupandi heimila seljanda aðgang að landi, fasteignum, ýmis konar þjónustu og fleiru sem hagkvæmt kann að vera fyrir seljanda að nýta sér við uppbyggingu ljósleiðaranetsins, enda komi eðlilegt endurgjald fyrir.

Í ákveðnum tilfellum kann þó svo að vera að aðgangur að landi og/eða fasteignum sé háður samþykkti þriðja aðila, en í slíkum tilfellum mun kaupandi leitast við að samningar takist um aðgang seljanda að viðkomandi landi og/eða fasteignum.

2.6.2 Hugsanlegt framlag notenda

Notendur fjarskiptaþjónustu sem veitt verður af þjónustuveitendum um ljósleiðaranetið, eru ábúendur, fyrirtæki, stofnanir og aðrir í þeim sveitarfélögum sem verk þetta nær til. Notendur kunna að hafa áhuga á að koma að verkinu á einhvern hátt, t.d. með því að taka að sér hvers konar jarðvinnu við verkið. Kaupandi hvetur bjóðendur til að afla sér upplýsinga um, og eftir atvikum semja við verktaka á þjónustusvæðinu, sem kunna að hafa til reiðu mannafla, tæki eða önnur gæði sem nýta má við framkvæmd verksins, til aukinnar hagkvæmni fyrir kaupanda.

2.6.3 Núverandi ljósleiðarar á þjónustusvæðinu

Kaupandi á hvorki né rekur nein ljósleiðaranet á þjónustusvæðinu. Kaupanda er þó kunnugt um að fjarskiptafyrirtæki kunna að eiga ljósleiðarainviði sem liggja um hluta þjónustusvæðisins. Sé litið til hagsmuna heildarinnar telur kaupandi það mjög jákvætt ef hægt er að nýta slíka innviði að einhverju

leyti fyrir áformað ljósleiðaranet, og hvetur bjóðendur eftir atvikum til þess að leita samninga um slíkt við eigendur ljósleiðarainnviða.

2.6.4 Réttur til umferðar og lagna um lönd og eigur

Kaupandi mun hafa forgöngu um að landeigendur á þjónustusvæðinu veiti samþykki sitt til þess að seljandi geti lagt lagnir sínar, eftir atvikum stofnleiðir og heimtaugar ljósleiðaranetsins, um hinar ýmsu jarðir á þjónustusvæðinu.

Kaupandi mun, með fyrirvara um gildandi ítök eða annan rétt þriðja aðila, heimila seljanda umferð um lönd og fasteignir sem kaupandi hefur ítök í eða á rétt til. Slíkur réttur heimilar seljanda að standa að þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru, t.d. jarðvinnu, greftri eða öðru, til þess að leggja lagnir vegna ljósleiðaranetsins. Kaupandi skal þó alltaf fylgja þeim almennu reglum sem gilda um slíkar framkvæmdir.

2.6.5 Húsrými, rafmagn o.þ.h.

Kaupandi mun eftir atvikum heimila seljanda að staðsetja búnað sinn í húsakynnum kaupanda, enda komi áform um slíkt fram í tilboði seljanda. Seljandi skal bera allan kostnað af rekstri slíks búnaðar í húsakynnum kaupanda, þ.m.t. kostnað vegna samngjarnrar húsaleigu og rafmagnsnotkunar búnaðar seljanda.

2.6.6 Aðrar eignir og þjónusta kaupanda

Kaupandi mun útvega seljanda aðgang að þeim gæðum og þjónustu sem kaupandi hefur yfir að ráða og kunna að styðja við áætlanir seljanda um kostnað við hönnun og byggingu ljósleiðarakerfisins.

2.6.7 Ýmsar upplýsingar sem kaupandi veitir seljanda

Kaupandi mun heimila aðgang að starfsfólki sínu til öflunar upplýsinga vegna íbúa, býla í ábúð, fyrirtækja og stofnana á þjónustusvæðinu.

Kaupandi mun skipa sérstakan tengilið sem mun sjá um slík samskipti kaupanda og seljanda.

2.6.8 Öflun leyfa og úttektir

Þegar seljandi þarf að afla leyfa, t.d. vegna verklegra framkvæmda og annarra atriða, frá sveitarfélögum að baki kaupanda, mun kaupandi sjá til þess að afgreiðslu slíkra verði hraðað eins og kostur er.

Þá mun kaupandi einnig sjá til þess að úttektir á verkum seljanda, ef einhverjar eru, fá hliðstæða meðferð.

2.6.9 Samband kaupanda og seljanda

Seljandi skal vera sjálfstætt fyrirtæki eða aðili sem ber ábyrgð á allri hönnun, byggingu og rekstri ljósleiðarakerfisins. Kaupandi skal ekki hafa neina beina viðskiptalega hagsmuni gagnvart seljanda hvað varðar hönnun, byggingu og rekstur ljósleiðarakerfisins.

2.6.10 Eignarhald á ljósleiðarakerfinu

Ljósleiðaranetið skal vera í fullri eign seljanda að byggingu þess lokinni, enda hefur seljandi einn af því tekjur. Kaupandi skal ekki hafa neina beina viðskiptalega hagsmuni gagnvart seljanda hvað varðar hönnun, byggingu og rekstur ljósleiðarakerfisins, aðra en þá sem um getur í samningi.

2.6.11 Heildsöluþjónusta í kerfi með opinn aðgang

Eftirtalin atriði skulu vera möguleg hvað varðar heildsöluþjónustu um ljósleiðaranetið:

- Netið skal uppfylla skilyrði jafnræðis, opins aðgangs og fullrar samkeppni, fyrir afhendingu fjarskiptaþjónustu á smásölu
- Netið geri mögulega samtíma afhendingu tals, gagna og mynda og hliðstæðra þjónustuþátta sem boðnir eru notendum af þjónustuveitendum á smásölustigi
- Netið skal tengjast Interneti gegnum gáttir þjónustuveitenda á smásölustigi
- Seljandi skal innheimta þjónustugjöld vegna notkunar netsins og umferðar um það, hjá þjónustuveitendum á smásölustigi

2.6.12 Þjónusta í smásölu

Kaupandi mun aðstoða seljanda við að hámarka líklegan fjölda notenda innan þjónustusvæðisins. Kaupandi mun þannig leggja seljanda til upplýsingar um býli í ábúð, fyrirtæki og hvers konar starfsemi, stofnanir og aðra sem líklegir eru til þess að nýta sér þjónustu þjónustuveitenda í smásölu gegnum ljósleiðarakerfi seljanda.

2.6.13 Lágmarksflutningsgeta

Seljandi skal skilgreina flutningsgetu ljósleiðarakerfisins, þ.e. eftir atvikum fjölda ljósþráða og/eða bandvídd stofnleiða og heimtauga. Einnig skal taka fram önnur sértæk einkenni kerfisins.

2.6.14 Lýsing seljanda á ljósleiðaranetinu

Með tilboði sínu skal seljandi láta fylgja viðskiptalega og tæknilega lýsingu á megineiginleikum ljósleiðaranetsins. Lýsing þessi skal innihalda helstu atriði sem liggja til grundvallar hönnun, byggingu, rekstri og stjórnun kerfisins. Seljandi skal einnig lýsa áformuðu fyrirkomulagi daglegs rekstrar kerfisins, svo og meðferð bilana- og truflanatilvika á kerfinu. Lýsing þessi innihaldi að lágmarki eftirtalin atriði:

- Tæknilega lýsingu á högun þeirri sem seljandi hefur ákveðið að nota
- Upplýsingar um hönnunarforsendur, þ.m.t. tæknilegar kröfur til hinna ýmsu eininga sem áformað er að nota, áreiðanleika og viðhald
- Lýsingu á þeim þjónustuliðum sem seljandi telur sig geta boðið þjónustuveitendum á smásölustigi
- Lýsingu á þeim þjónustuliðum sem seljandi telur sig geta boðið innan þjónustusvæðisins, öðrum en þeim liðum sem þjónustuveitendur á smásölustigi bjóða notendum (hér gæti t.d. verið um að ræða föst fjarskiptasambönd milli stofnana eða fyrirtækja)
- Upplýsingar um mismunandi þjónustu til heimila annars vegar, og stofnana og fyrirtækja hins vegar, ef einhver er
- Upplýsingar um verðstefnu seljanda hvað varðar þjónustu á þjónustusvæðinu
- Áætlun um uppbyggingu ljósleiðaranetsins og helstu verkþætti, einkum hvað varðar tímasetningar og þau atriði sem líkleg eru til að hafa áhrif á framgang verksins
- Tillögur að hlutverkum kaupanda, seljanda og annarra sem að verkinu munu koma, frá undirritun sammings þar til verkinu er lokið

3 Verklýsing

3.1 Almennt um verkið


Nafn kaupanda kt. [xxxxx-xxxx], stendur fyrir útboði vegna uppbyggingar og reksturs ljósleiðaranets eins og nánar er lýst í útboðsgögnum þessum.

Kaupandi áformar að gera samning um ákveðna, skilgreinda samvinnu við þann þjóðanda (seljanda) sem samið verður við um að taka að sér verkið, í raun til hagsbóta fyrir báða aðila samnings. Þessi aðferð hefur verið notuð erlendis í hliðstæðum verkefnum og er oft nefnd „Public-Private Partnership“ (PPP) á ensku. Með þessu fyrirkomulagi eru sameinaðir hagsmunir nokkurra aðila hvað varðar ýmsa ytri þætti og þekkingu. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að fjarskiptafélag eða álíka aðili, sem seljandi, taki að sér að hanna, byggja, reka og eiga ljósleiðaranet á skilgreindu þjónustusvæði. Með slíkri uppbyggingu verður til umhverfi sem gerir þjónustuveitendum í smásölu, á sviði fjarskipta, að þjóða notendum á þjónustusvæðinu ýmsar vörur og þjónustu, t.a.m. nettengingar, síma- og sjónvarpsþjónustu.

Kaupandi greiðir seljanda ákveðna samningsfjárhæð fyrir byggingu ljósleiðaranetsins samkvæmt tilboði seljandans, en þegar rekstur netsins hefst hefur seljandi einn af því tekjur, enda eigandi þess.

Í rekstri er fjárflæði milli aðila lýst á mynd 1:

- Notendur greiða þjónustuveitendum fyrir þá þjónustu í smásölu sem þeir kjósa að kaupa. Hluti þeirrar þjónustu er aðgangur að ljósleiðaraneti seljanda, sem er í raun greiddur af notendum, oft gegnum innheimtakerfi þjónustuveitenda.
- Þjónustuveitendur kaupa heildsöluþjónustu af seljanda til þess að tengja notendur við kerfi sín.
- Eigandi ljósleiðaranetsins hefur þannig megingtekjur sínar frá þjónustuveitendum (auk tekna vegna aðgangs notenda að netinu)
- Kostnaður eiganda ljósleiðaranetsins er aðallega vegna reksturs þess, svo og vegna fjármagnskostnaðar sem til varð við byggingu netsins.



Mynd: Fyrirkomulag viðskipta í ljósleiðaraneti

3.2 Tæknileg lýsing

Markmiðið er að til staðar sé flutningskerfi sem uppfyllir að lágmarki eftirfarandi meginskilyrði:

1. Að þjónustuveitendur geti afhent þjónustu til hvers notanda um 1 Gbit/s tengiskil, með samhverfum hætti
2. Að gagnaflutningshraði í upphafi sé 100 Mbit/s, í báðar áttir
3. Að fullur stuðningur sé við flutning mynda (sjónvarpsrás), gagna, talsíma og Internets
4. Að grunnhögun kerfisins sé GPON-högun og/eða P2P-högun (Point-to-Point), en báðar aðferðir eru þekktar innan „Fiber-To-The-Home“-tækninnar
5. Að kerfið nái til allra heimila, fyrirtækja, stofnana, skóla og annarra líklegra notenda á þjónustusvæðinu
6. Að kerfið verði byggt upp í samræmi við áherslur kaupanda, og gert rekstrarhæft eigi síðar en [dd.mm.yyyy]
7. Að rekstur kerfisins verði með þeim hætti að kerfið verði alfarið opið öllum þjónustuveitendum sem áhuga hafi á að veita notendum þjónustu sína í smásölu, enda uppfylli þeir tæknileg og viðskiptaleg aðgangsskilyrði seljanda til þess að tengjast kerfinu
8. Að verðlagning seljanda á þjónustu til þjónustuveitenda endurspegli stofn- og rekstrarkostnað seljanda vegna kerfisins, auk eðlilegrar álagningar vegna fjárfestinga og áhættu

Að lokinni hönnun og uppsetningu ljósleiðarakerfisins skal það vera að fullu rekstrarhæft net sem gerir notendum kleift að hafa fullan aðgang að þeim þjónustum sem þjónustuveitendur veita í smásölu, svo sem Internetþjónustu, síma, sjónvarpi o.fl.

Seljandi skal bjóða svokallaða „Fiber-To-The-Home“-tækni (FTTH), til þess að hægt sé að veita almenna fjarskiptþjónustu til heimila, fyrirtækja, stofnana og annarra á þjónustusvæðinu.

Ljósleiðaranetið skal innihalda allar nauðsynlegar virkar (active) og passífar (passive) einingar, þ.m.t. ljósleiðarastrengi, endurvaka, varaafhlseiningar, tengibrunna, tengiskápa, millitengieiningar, hugbúnað og hvers konar nauðsynlegan stoðbúnað.

Á þjónustusvæðinu kunna að vera staðir (notendur), sem vegna fjarlægðar er mjög óhagkvæmt að tengja með ljósleiðara. Í slíkum tilfellum er seljanda heimilt að nota aðrar aðferðir, t.d. föst örbylgjusambönd, til þess að tengja þá staði við ljósleiðaranetið, enda samþykki Kaupandi slík frávik.

Seljandi skal bera allan stofn- og rekstrarkostnað af ljósleiðarakerfinu, þ.m.t. vegna hönnunar, byggingar, búnaðar, trygginga og annars, allt til tengipunkts hvers notanda, þ.e. til og með endabúnaðar, (e. Optical Network Termination (ONT)) sem staðsettur er hjá notanda.

Seljandi skal sýna fram á hönnun innviða ljósleiðaranetsins sé með þeim hætti að það uppfylli kröfur um líklega aukningu á bandviddarþörf í a.m.k. 20 ár.

Markmið kaupanda er m.a. að ljósleiðaranetið hvetji til nýsköpunar, aukinnar hagsældar og fleiri atvinnutækifæra á þjónustusvæðinu.

Ljósleiðaranetið skal vera svokallað „kerfi með opinn aðgang“, þ.e. að það sé opið þjónustuveitendum á jafnræðisgrundvelli og verði þannig til þess að þjónustuveitendur geti boðið þjónustu í samkeppni sín á milli, enda njóti þeir sömu viðskiptakjara hjá rekstraraðila ljósleiðaranetsins (heildsöluaðilanum). Seljanda ber því að bjóða þjónustu sína í heildsölu til þjónustuveitenda þannig að:

- jafnræði gildi, hvað varðar tæknileg og viðskiptaleg skilyrði og kröfur
- þjónustuveitendum sé heimilt að sundurgreina boðna þjónustu í mismunandi flokka

Seljandi skal ekki hafa heimild til þess að takmarka á nokkurn hátt möguleika þjónustuveitenda og notenda á því hvernig heildsöluþjónusta seljanda er notuð eða hvers konar tæki eða búnaður verði tengdur búnaði seljanda, enda uppfylli slíkur búnaður gildandi reglugerðir og tæknilegar kröfur til slíkrar notkunar eða tengingar, þ.m.t. tæknilegar kröfur seljanda.

3.3 Þjónustusvæði – notendur

[LANDFRÆÐILEG SKILGREINING ÞJÓNUSTUSVÆÐIS – FJÖLDI NOTENDA]

[Mynd/kort af þjónustusvæði]

Upplýsingar og mynd af þjónustusvæði

Á þjónustusvæðinu eru heimili, frístundahús, fyrirtæki, stofnanir, skólar og aðrir sem skilgreina má sem notendur ljósleiðaranetsins. Í töflu 1 er að finna upplýsingar um fjölda staða sem skilgreina má sem notendur ljósleiðaranetsins, en í töflu 2 koma fram skilgreiningar á stöðum, húsum, starfsemi o.s.frv. Til hagræðingar fylgir útboðsgögnum þessum Excel-skjal með sömu upplýsingum.

Kaupandi vekur athygli á því að þó að útboðsgögn þessi séu aðallega vegna hagsmuna íbúa, fyrirtækja, stofnana og annarra líklegra notenda á þjónustusvæðinu, þá kunna að felast mikil viðskiptatækifæri fyrir bjóðendur í að huga að þeim mikla fjölda frístunda- og sumarhúsa sem eru á þjónustusvæðinu, og gera ráð fyrir slíkum notendum í framtíðinni.

Dæmi um form töflu yfir þéttbýli/strjálbýli o.fl.

Tafla 1: Fjöldi staða á þjónustusvæðinu

	Lögheimili	Frístundahús	Annað	Samtala	
Þéttbýli 1	x	x	x	x	x
Þéttbýli n	x	x	x	x	x
Strjálbýli 1	x	x	x	x	x
Strjálbýli n	x	x	x	x	x
Samtals:	x	x	x	x	x

Þessi texti tekur breytingum eftir þjónustusvæðum

Tafla 2: Skilgreiningar á stöðum og starfsemi

Heilsárshús	Hús sem er skráð sem heilsárshús, þar má skrá lögheimili þó að það geti verið notað sem "frístundahús" (líklega með símatengingu)
Lögheimili	Heilsárshús þar sem einhver er búsettur og skráður með lögheimili (líklega með símatengingu)
Sumarhús	Hús sem er skráð sem sumarhús - þar er ekki hægt að vera með lögheimili - en dæmi um að fólk hafi heilsársbúsetu (líklega ekki með símatengingu)
Starfsemi	Skráðir staðir þar sem föst starfsemi er til staðar, t.d. búskapur, ferðaþjónusta, fyrirtæki o.s.frv. Einnig getur verið um að ræða lögheimili og fasta búsetu allt árið á staðnum
Nýting	Búseta allt árið, eða búseta hluta úr ári þegar um er að ræða t.d. sjómenn, ferðaþjónustuaðila eða aðra sem búa kannski 4-5 mánuði á ári á staðnum
Frístundahús	Hús nýtt um helgar, aðallega á sumrin og á ýmsum frídögum

Eftirfarandi meginforsendur gilda við mat á stöðum og notendum:

- Ferðaþjónustuhús á bæjum eru skráð en ekki talin með sem sérstakur aðili nema þar sem sinn hvor aðilinn er eigandi íbúðarhúss og ferðaþjónustuhúss.
- Á sumum bæjum eru mörg íbúðarhús, stundum í eigu sama aðila, eða fjölskyldu. Sé búið í húsi telst það einn aðili (notandi).
- Atvinnuhúsnæði heima á bæ er ekki skráð sem sér aðili s.s. hestamiðstöð, verkstæði, fiskvinnsluhús o.s.frv.
- Hús með fleiri en einni íbúð er skráð sem einn aðili (notandi)
- Fjöldi sumarhúsa er sums staðar áætlaður og ekki er alveg vitað með lögheimilisskráningu á öllum stöðum - dæmi eru um skráð lögheimili þar sem engin búseta er
- Sum sumarhús eru mjög afskekkt - og jafnvel án rafmagns
- Einhver samliggjandi frístunda- og sumarhús geta verið í eigu eins aðila

Tafla 3: Staðir

Strjálbýli Hús/staður	Búsetuskráning	Starfsemi	Nýting	Lög- heimili	Frístunda- hús	Annað
Staður 1	Lögheimili	Búskapur	Búseta allt árið	x		
Staður n	Lögheimili	Fyrirtæki	Starfsemi allt árið	x		
Samtals:				x	x	x

3.4 Sambönd og tengingar

3.4.1 Stofnleiðir

Til þess að uppfylla þarfir þjónustuveitenda skal seljandi tengja ljósleiðaranetið við grunnnet fjarskipta héraðs á þann hátt að slík tenging eða tengingar geri þjónustuveitendum kleift að bjóða notendum þjónustu sína. Samningar um slík viðskipti og/eða innihald þeirra, eru kaupanda óviðkomandi. Seljanda ber að hámarka rekstraröryggi stofnleiða með varaleiðum.

3.4.2 Lagnaleiðir á þjónustusvæðinu

Telji seljandi hagkvæmt að nýta lagnaleiðir í eigu kaupanda, eða lagnaleiðir sem kunna að verða til vegna áformaðra framkvæmda kaupanda, mun kaupandi heimila seljanda að nýta slíkar lagnaleiðir. Kaupandi mun ennfremur vinna með seljanda að því nýta aðrar lagnaleiðir þar sem það er talið hagkvæmt. Þjóðendur eru hvattir til að afla sér upplýsinga um yfirstandandi eða áformaðar veitufyrirtækja og eftir atvikum annarra um lagnir á þjónustusvæðinu, leita samninga um samvinnu við sömu aðila um lagnaleiðir.

Þegar sveitarfélag og/eða fjarskiptafyrirtæki telur vera möguleika á samlegð með framkvæmdum á vegum veitufyrirtækja getur reynt á ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga, sem heimilar tiltekna kostnaðarskiptingu, sem felur í sér að fjarskiptahlutinn beri einungis s.k. viðbótarkostnað miðað við heildarkostnað framkvæmdarinnar.

4 Tilboðsblöð - tilboðsskjal

Tilboðsskjal. Hér þarf að vera hlekkur í þá tilboðsskrá sem útbúin er fyrir hvert verk.

FYRIRMYND

5 Viðauki A – Kort af þjónustusvæðinu

FYRIRMYND

6 Viðauki B – Drög að samningi

Samningur nr. [xxxx]

Hönnun, bygging og rekstur ljósleiðaranets

1. gr.

Samningsaðilar

Kaupandi: Nafn kaupanda
Kennitala: xxxxxx-xxxx
Heimilisfang: xxxxxxxxxxxx
Sími: xxxxxxxxxxxx
Netfang: xxxxxxxxxxxx

Seljandi: Nafn seljanda
Kennitala: xxxxxx-xxxx
Heimilisfang: xxxxxxxxxxxx
Sími: xxxxxxxxxxxx
Myndsendir: xxxxxxxxxxxx
Netfang: xxxxxxxxxxxx

2. gr.

Lýsing

Nafn kaupanda hér eftir nefndur kaupandi og xxxxxx, kt: xxxxxx-xxxxxxx, hér eftir nefndur seljandi, gera með sér eftirfarandi samning sem er gerður er í kjölfar útboðs kaupanda nr. xxxxxx og á grundvelli tilboðs seljanda dags. xx. xxxxxx

3. gr.

Samningsgögn

Framkvæmd verkefnis skal vera í samræmi við eftirtalin gögn sem eru hluti þessa samnings. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem gera ríkari kröfur á hendur seljand ganga framur.

- 1) Samningur þessi nr. [xxxx]
- 2) Fyrirspurnir og svör send á tilboðstímanum dagsett (dd/mm/áááá)
- 3) Útboðsgögn kaupanda nr. [xxxxx]
- 4) Tilboð og fylgigögn seljanda, dagsett (dd/mm/áááá)
- 5) Annað (ýmsir viðaukar, s.s. staðlar, reglugerðir, lög, uppdrættir, fundargerðir o.fl.)

4. gr.**Samningstími**

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun.

5. gr.**Samningsfjárhæð**

Samningsfjárhæð er kr. xxxxx. Í fjárhæðum er innifalinn allur kostnaður seljanda vegna vegna verksins hverju nafni sem hann nefnist að undanskildum virðisaukaskatti en hann bætist við eins og lögboðið er hverju sinni.

Tilboðsfjárhæðir samkvæmt tilboði seljanda er eftirfarandi:

TAFLA

6. gr.**Greiðslur**

Greitt verður fyrir verkið mánaðarlega í samræmi við hlutfallslega framvindu verksins af heildarverkinu, m.v. umsaminn verktíma. Seljandi skal skila inn reikningum um hver mánaðarmót og skulu þeir sendir kaupanda.

Samþykktir reikningar verða greiddir af kaupanda, eigi síðar en 20 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi.

Seljanda er heimilt að nota greiðsluseðla til stýringar á greiðslum, sér til hagræðis, en má ekki setja á reikning seðilgjöld eða önnur gjöld sem ekki tengjast seldri þjónustu. Áskilinn er réttur til að greiða slíka reikninga með millifærslu eða endursenda þá.

Allir reikningar vegna kaupa á vöru eða þjónustu skulu gefnir út í samræmi við ákvæði tækniforskrifta Staðlaráðs: tækniforskrift TS-136 fyrir reikninga og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditnótur (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í TS-136 skulu upplýsingar um uppruna viðskipta ávallt koma fram á reikningi.

7. gr.**Verðbreytingar**

Á samningstímanum verða engar breytingar á einingaverði.

8. gr.**Vanefndir og uppsögn**

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum kaupa- og samningaréttar.

Leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara.

Sama gildir ef seljandi verður uppvís að refsiverðu athæfi varðandi framkvæmd samnings þessa, s.s. um undanskot frá greiðslu þungaskatts.

9. gr.

Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er kaupandi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Kaupandi ber enga ábyrgð á því tjóni sem seljandi kann að verða fyrir á akstursleiðum.

Seljandi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal seljandi að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi seljanda og vinnu starfsmanna hans.
- Óafturkallanlega og óafturkræfa verktryggingu banka fyrir því að seljandi efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Miða skal við að upphæð tryggingar samsvari 15% samningsgreiðslu á eins árs grundvelli. Upphæð tryggingar verðtryggist í samræmi við verðtryggingu samningsins. Ábyrgðaryfirlýsingin skal þannig orðuð að kaupandi geti krafist greiðslu tryggingarinnar að öllu eða einhverju leyti og án undangengis dómsúrskurðar. Ábyrgðaryfirlýsing skal gefin út af bankastofnun sem kaupandi samþykkir (sjá form í viðauka C). Kaupandi getur krafist greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar að einhverju eða öllu leyti án þess að færa sönnur á fjárhagstjón sitt.

Seljandi skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur er seljanda bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrota o.fl. Ef seljandi kys að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð fyrir. Verði þessi óskað skal seljandi afhenda kaupanda afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld.

10. gr.

Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

11. gr.

Undirverktakar

Seljanda er óheimilt, án skriflegs samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum samkvæmt samningi þessum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi fær slíka heimild, breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

12. gr.

Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningsmál vegna verkefnis sem samningur þessi tekur til, á samningstíma, skal seljandi þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum kaupanda. Skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn aðila, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi.

Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með þessum hætti, skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms [xxxxxxxxxxxxx].

13. gr.

Frumrit samnings

Af samningi þessum eru gerð 3 samhljóða eintök. Gögn sem talin eru upp í 3. gr. eru fylgiskjöl með samningi og hluti af honum.

Staður og dagsetning

F.h. kaupanda

F.h. seljanda

Nafn

Nafn

Vottar að undirritun og dagsetningu:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

7 Viðauki C – Drög að ábyrgðaryfirlýsingu

Ábyrgðaryfirlýsing

Ábyrgð nr. [xxxxxxxx]

[*Nafn banka*] lýsir því yfir að hann ábyrgist óafturkallanlega og óafturkræfa greiðslu á allt að kr. [*upphæð tryggingar*] (í bókstöfum [*xxxxxxx*]), sem tryggingu fyrir því að [*Nafn seljanda*] inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem seljandi samkvæmt samningi við kaupanda kt. [xxxxxx-xxxx] á „Hönnun, byggingu og rekstri ljósleiðaranets“ í samræmi útboðslýsingu seljanda nr. [xxxxx] er ber nafnið „Hönnun, bygging og rekstur ljósleiðaranets“.

Ábyrgðartrygging þessi stendur út allan samningstímamann samkvæmt ákvæðum samnings.

Kaupandi getur krafist [*Nafn banka*] um greiðslu tryggingarfjárins að öllu eða einhverju leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef kaupandi telur það nauðsynlegt til greiðslu á hvers kyns kostnaði, sem kaupandi hefur orðið fyrir vegna vanefnda seljanda á ákvæðum samningsins. Greiðsla skal fara fram strax og hennar er krafist og getur kaupandi krafist greiðslu tryggingarfjárins að öllu eða einhverju leyti án þess að færa sönnur á fjárhagslegt tjón.

[Staður, dagsetning, ár]

[Nafn banka]

[Undirskrift og stimpill]

8 Viðauki D – [XXXXXXXXXX]

FYRIRMYND